


Ársskýrsla Skaftfells 2016



Tinna Guðmundsdóttir, maí 2017

Skaftfell

MYNDLISTARMÍÐSTÖÐ AUSTURLANDS
CENTER FOR VISUAL ART

Efnisyfirlit

Stjórnun og umsýsla	2
Starfsmannahald	2
Stjórn Skaftfells	2
Endurskoðun skipulagsskrár	2
Listræn stjórn	2
Rekstur og fjárhagur	3
Húsnæðismál og Bistró	4
Gestavinnustofur og vinnurými	4
Starfsaðstaða og verslun	5
Kynningarmál	5
Innlent samstarf	5
Geirahús	5
Afmælisundirbúningur	6
Sýningarhald og viðburðir	6
Sýningardagskrá í sýningarsal og stærri viðburðir	6
Bókabúðin-verkefnarými og minni viðburðir	8
Fræðslustarfsemi	9
Þróunarstarf – verkefni í vinnslu	9
Samstarf við skólastofnanir á Austurlandi	9
List án landamæra	10
Námskeið fyrir nemendur á lýð- og háskólastigi	10
Námskeið fyrir börn og fullorðna	10
Gestavinnustofur	11
Umgjörð og fjöldi listamanna	11
Erlendir styrkir	11
Umsóknarferli fyrir 2017	12
Prentnámskeið fyrir listamenn	12
Erlent samstarf	12
Hugleiðingar forstöðukonu	14
Fylgiskjöl	14

Stjórnun og umsýsla

Starfsmannahald

Í Skaftelli störfuðu þrír starfsmenn allt árið 2016, í tæplega tveimur stöðugildum: Tinna Guðmundsdóttir sem forstöðumaður í 100% starfshlutfalli, en frá og með 1. sept var starfshlutfallið lækkað í 80%, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir sem fræðslufulltrúi í 50% starfshlutfalli, fór í fæðingarorlof í febrúar 2017, og Julia Martin sem gestavinnustofufulltrúi í 50% starfshlutfalli. Hún fór í fæðingarorlof í byrjun október 2016. Þá var gerður verktakasamningur við Celiu Harrison um að leysa af gestavinnustofufulltrúi, með stuðning frá Sesselju Hlín Jónasardóttur. Í byrjun árs vann hver starfsmaður vinnuáætlun yfir helstu verkefni, sjá fylgiskjal, og starfsmannafundir voru haldnir 1-2 í mánuði.

Barborá Gallova starfaði sem sumarstarfsmaður í móttöku, frá 4. júní til 26. ágúst. Eva Jaskova var lærlingur Skaftfells frá júlí til september. Eva kom í gegnum Erasmus+, með þriggja mánaða styrk.

Stjórn Skaftfells

Kosið var til nýrrar stjórnar á ársfundi 2014 sem situr til þriggja ára. Í stjórn sitja: Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Fríða Björk Ingvarsdóttir, Svava Lárusdóttir og Gréta Garðarsdóttir. Stjórn fundaði alls sex sinnum þ.m.t. ársfund sem var haldin 29. júní. Svava Lárusdóttir fór í fæðingarorlof um vorið og varamaður hennar, Vilhjálmur Jónsson, tók hennar sæti.

Stjórn og starfsmenn Skaftfell vinna eftir skipulagsskrá Skaftfells auk starfsstefnu fyrir árin 2014-2016 sem var unnin árið 2013 og samþykkt af stjórn 22. janúar 2014. Sjá nánar í fylgiskjöllum.

Endurskoðun skipulagsskrár

Á árinu var farið í þá vinnu að yfirfara og endurskoða skipulagsskrá Skaftfells, sem var staðfest árið 2004. Svipuð vinna hafði einnig farið fram á árunum 2007-2008 en ekki verið kláruð. Í ferlinu naut forstöðumaður stuðning frá Jónínu Brynjólfsdóttir hjá Austurbrú. Helstu breytingar voru á 4 gr. er varðar stjórn stofnunarinnar og var sett hámark tvö tímabil á setu stjórnarmanna. Einnig var 5 gr. og 6 gr. sameinuð og uppfærð í samræmi við lagabreytingar.

Stjórn samþykkti nýja skipulagsskrá 20. okt 2016 og fól forstöðumanni að kynna hana fyrir öllum tilnefningaraðilum. Auk þess fól stjórn forstöðumanni og formanni stjórnar að hefja samtal við Skaftfellshópinn í þeim tilgangi að blása lífi í hópinn, samhliða því að upplýsa hann um breytingar á skipulagsskrá.

Listræn stjórn

Skoski sýningarstjórinn og rithöfundurinn Gavin Morrison er fjórði aðilinn sem gegnir stöðu listræns heiðursstjórnanda, fyrir tímabilið 2015-2016. Hlutverk listræns stjórnanda er að móta stefnu miðstöðvarinnar í sýningarhaldi, sem og fræðslu og öðrum verkefnum. Gavin þróaði sýningardagskrána með forstöðukonu og sat í valnefnd árin 2014 og 2015.

Nú í ár var farið í að umbreyta fyrirkomulaginu varðandi listræna stjórn Skaftfells. Ástæður fyrir breytingunum má rekja annarsvegar til þess að umsvif og ábyrgð stöðunnar jókst með hverju ári og hins vegar til uppfylla skilyrði í fimm ára rekstrarsamningi við Samband sveitafélaga á Austurlandi og Seyðisfjarðarkaupstað sem var undirritaður í júní 2015.

Niðurstaða stjórnar, í samstarfi við forstöðumann, var að fella niður stöðu heiðurstjórnanda og skipa í fagråd eins og tilgreint er í fyrirnefndum rekstrarsamningi. Stjórn Skaftfells samþykkti erindisbréf fyrir fagråd á fundi 29. júní, sjá fylgiskjal. Ákveðið var að þrjár aðilar myndu tilnefna tvo fulltrúa, einn af hvoru kyni þeir eru Samband íslenskra myndlistarmanna, Listfræðafélag Íslands og Listaháskóli Íslands. Fagråd fær greidda þóknun samkvæmt viðmiðunartaxta SÍM og miðað er við fimm fundi á ári.

Stjórn skipaði í fagráðið á stjórnarfundi 6. október þau Karlottu Blöndal, Bjarka Bragason og Oddnýju Björk Danielsdóttur. Ráðið fundaði tvisvar seint á árinu 2016 m.a. til að leggja drög af sýningardagskrá 2017 og tók formlega við störfum í ársbyrjun 2017.

Rekstur og fjárhagur

Rekstrartekjur Skaftfells voru mjög svipaðar og árið áður. Miðstöðin fékk úthlutað 10 milljón króna aukafjárframlagi af fjárlögum árið 2016, líkt og 2015. SSA hafði milligöngu um þessa fjármuni og gerður var viðauki við rekstrarsamning, undirritaður af öllum samningsaðilum 15. mars 2016.

Ágætlega gekk að fjármagna verkefni. Skaftfell hlaut 2,1 milljónir úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir sýningardagskrá 2016 og 600.000 kr. fyrir fræðsluverkefni. Enn fremur hlaut Skaftfell styrki úr Myndlistarsjóði, Sprotasjóði, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar og List fyrir alla, einnig fyrir sýningardagskrá og fræðsluverkefni. Norræna Menningargáttin veitti Skaftfelli styrk til að bjóða tveimur listamönnum dvalarstyrk 2016, að upphæð 10.890 evrur, og miðstöðin hlaut aftur sama styrk fyrir árið 2017. Einnig styrki Goethe–institute Dänemark einn listamann til dvalar, upp á 4.500 evrur.

Mikil óvissa var með rekstrargjöld þar sem kjarasamningar nokkurra aðildarféлага Bandalag háskólamanna við Samband íslenskra sveitarfélaga voru ekki að ná lendingu. Í júní var komin niðurstaða og í ljós kom að kostnaður vegna launa forstöðumanns var nokkuð mikil, ástæðan var vegna þess að bæði hafði láðst að reikna henni launahækkunir frá því að hún hóf störf 2012 og einnig voru launahækkunir afturvirkar til 1. sept 2015. Stjórn samþykkti um mitt ár að lækka starfshlutfall forstöðukonu úr 100% í 80% frá og með 1. sept 2016, til að koma til móts við þessi útgjöld. Taka þurfti yfirdrátt um mánaðarmótin okt-nóv til að brúa bilið meðan beðið var eftir eftirstöðvum af viðbótarfjármagni.

Í lok árs 2016 voru eftirstöðvar af skuldabréfi nr. 760113 hjá Landsbankanum 6.309.241 kr. Lánið var upphaflega tekið 16. september 2005, alls 8.000.000 kr. í 20 ár. Afborganir klárast árið 2025 og núverandi vaxtaþrósenda er 5,3%.

Tafla 1: Hagnaður/tap síðustu ára

	2016	2015	2014
Rekstrartekjur	31.300.341	32.111.902	21.696.132
Rekstrargjöld	(34.529.691)	(29.739.815)	(20.509.893)
Vaxtatekjur	25.752	26.950	24.469
Vaxtagjöld	(570.264)	(566.384)	(546.746)
Gengismunur	(273.639)	(56.786)	
Hagnaður/Tap ársins	(4.047.501)	1.775.867	663.962

	2013	2012	2011
Rekstrartekjur	21.034.515	15.206.873	18,352,800
Rekstrargjöld	(19.828.976)	(14.651.644)	(15,095,643)
Vaxtatekjur	50.197	29.909	4,705
Vaxtagjöld	(914.322)	(1.000.585)	(934,368)
Hagnaður/Tap ársins	341.414	(970.676)	2,327,494

Töluvert tap er á rekstri Skaftfells 2016 sem má helst rekja til aukins launakostnaðar, alls 3 milljónir, og aukins bókhaldskostnaðar, hækkun um 700.000 kr. milli ára. Einnig hækkuðu liðirnir viðhald áhaldna og tækja, og húsaleigu á vinnurými. Gert var ráð fyrir aukins kostnaðar í rekstraráætlun en tapið var mun meira en áætlað var.

Í byrjun árs samþykkti stjórn að stefna að því að greiða sýnendum þóknun samkvæmt framlagssamningi SÍM í nánustu framtíð og stuðla þannig að atvinnuuppbyggingu í faginu. Skaftfell hefur undanfarin ár getað styrk listamenn til dvalar í gegnum Norrænu menningargáttina og Goethe–institute Dänemark. Í ár bættist við eitt erlend samstarfsverkefni, Transfer North, og eitt verkefni kláraðist, Frontiers of Solitude. Eins og sjá má fengu listamenn greitt tæplega 2.9 milljónir í gegnum listrænt starf Skaftfells. Ef miðað er við listamannalaun árið 2016, 351.400 kr. á mánuði, náðist að skapa atvinnu í næstum 8,4 mannmánuði.

Tafla 2: Styrkir til listamanna og sýningarstjóra

	2016	2015	2014	2013
Þóknun til sýnenda	676.028	-	-	-
Þóknun til sýningarstjóra	412.663	-	-	-
Norræna menningargáttin*	211.105	475.626	2.118.145	3.069.136
Goethe-institute Dänemark*	367.318	439.050	450.807	-
Erlend samstarfsverkefni*	1.153.972	1.445.400	1.295.270	-
Rithöfundalestin	125.000	100.000	100.000	100.000
Alls	2.946.086	2.460.076	3.964.222	3.169.136

*Ferðakostnaður og ýmis aðkeypt þjónusta vegna erlendra samstarfsverkefna eru ekki talin með árin 2015 og 2016.

Húsnæðismál og Bistró

Vegna mikillar óvissu varðandi launamál var viðhaldsframkvæmdum á vegum miðstöðvarinnar haldið í lágmarki. Gluggar á suðurhlið 3. hæðar voru málaðir og dittað að ýmsu smálegu. Síldarvinnslan gaf Skaftfelli þakmálningu en sökum veðurs gekk illa að finna tíma um sumarið til að mála þakið, annarsvegar voru mjög óhagstæð veðurskilyrði og hinsvegar lítið um mannskap þegar tækifæri gafst.

Í byrjun október lögðu leigutakar Bistrósins, Húsaótel, fram bréf og kostnaðaráætlun á stjórnarfundum um nauðsynlegt viðhald sem þyrfti að framkvæma í eldhúsinu á jarðhæð. Viðhaldið tengist bæði rakaskemmdum vegna leka á suð-vesturhorni og eldhættu vegna loftræstingu. Stjórn yfirfor leigusamninginn og forstöðumanni var falið að endursemja við leigutaka með það að leiðarljósi að finna flöt á veltutengdri leigu. Húsaótel fór í að framkvæmdagurinn og Bistróið var lokað í nokkrar vikur í október-nóvember. Eldhúsið og starfmannaaðstaða var algerlega yfirfarin, skipt um loftræstikerfi, settar flísar á vegg og dúkur á gólf. Kostnaðurinn var á bilinu 2.4-2.6 milljónir. Í lok árs var ekki búið að endursemja við leigutaka en ferlið var í vinnslu.

Þegar leið á veturinn var ljóst að drenviðgerðin sem var framkvæmd ári áður, í lok árs 2015, var ekki að ná að stöðva lekann í suðvestur horninu í jarðhæð. Jarðhæðin er steinsteypt og öll suðurhliðin er útgrafinn kjallari, um 2 m á breidd. Í leysingum síðustu ár hefur vatn safnast saman í suð-vestur horni þessa rýmis og nokkrum sinnum hefur myndast dágóður pollur. Í kjölfarið hefur vatnið fundið sér farveg í gegnum steypuna, á tveimur stöðum, og byrjað að leka inn í húsið. Á standið er grafalvarlegt og nauðsynlegt að lagfæra grunn hússins áður en varanlegar skemmdir verða á upprunalega húsinu.

Forstöðumaður fékk ráðgjöf frá Böðvar Bjarnasyni, byggingartækniþingur hjá Eflu hf. Að hans mati er eina leiðin til að koma í veg fyrir vatnstjón að grafa út kjallarann og koma fyrir drenlögnum að suðurhlið, við næst síðasta útvegginn. Til þess að gera það þarf að brjóta upp gat við suð- austurhorn hússins og grafa út mölina. Aðgengi er ekki auðvelt, síðasti útveggurinn er u.þ.b. 1.5 m ofan í jörðu en næst síðasta útveggurinn er mögulega 2.5 m.

Gestavinnustofur og vinnurými

Skaftfell leigði nokkur rými á Seyðisfirði fyrir gestavinnustofur og vinnuaðstöðu. Norðurgata og Hóll voru leigð allt árið, að undanskildum júlí mánuði. Hóll er farinn að þarfnast töluverðs viðhalds og forstöðumaður fór í samtal við eiganda sem leiddi til þess var glugginn á vestuhlið, 2. hæð, var endurnýjaður og sett nýtt eldhúsgólf. Norðurgata var einnig yfirfarin af eigendum yfir sumartímam. Einnig leigði Skaftfell Nielsenshús frá janúar-júní, Köruhús í september og Brekku frá október-nóvember.

Í lok árs 2015 fór Skaftfell í viðræður við seyðifirski myndlistarmenn og skapandi aðila varðandi að finna húsnæði undir vinnurými en mjög lítið framboð var að finna í bænum. Framkvæðið var hugsað sem 2ja ára

tilraunaverkefni og stuðningur við skapandi geirann á Seyðisfirði. Samningar náðust við Seyðisfjarðarkaupstað um þriggja mánaða tilraunatímabil, í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um rekstur frumkvöðlaseturs. Skaftfell tók á leigu Öldugötu 14, rýminu var deilt niður og framleigt til einyrkja og smárra fyrirtækja.

Á svipuðum tíma urðu ákveðin straumhörf í starfseminni þegar Bókabúðin skipti um eigendur á seinni hluta 2016. Leigusamningum var sagt upp og rýmið afhent 1. desember. Þar með var átta ára tímabili Bókabúðarinnar sem verkefnarými Skaftfells lokið. Í kjölfarið var ákveðið að þróa nýtt fjölnotarými á Öldugötu 14 í samvinnu við Öldugötuþópin.

Starfsaðstaða og verslun

Skrifstofa Skaftfells var á 3. hæð frá janúar til lok október 2016. Þá var vinnuaðstaða starfsmanna flutt yfir í Öldugötu 14. Flutningurinn gekk hratt fyrir sig en töluverðan tíma tók að koma sér aftur fyrir þar sem háaloftið í Bókabúðinni var einnig tæmt og komið fyrir á Öldugötu.

Verslun Skaftfell opnaði samhliða opnun sumarsýningarinnar og var opin daglega frá kl. 12-18, miðvikudaga til 20. Forstöðukona keypti inn aðeins af bókum sem tengjast samtímamyndlist og Seyðisfirði. Sala gekk með ágætum vel, seldist fyrir 354.399 kr.

Kynningarmál

Ný vefsíða var sett í loftið eftir marga mánaða undirbúning og nýtt merki tekið upp í ársbyrjun 2016. Bæði vefsíðan og merkið var hannað að Darra Úlfssyni. Áfram fór töluverð vinna í að endurskoða texta, skipulag og umgjörð síðunnar. Reynt var að leggja áherslu á sýnileika sögu Skaftfells og finna til gamlar myndir og myndbönd frá fyrri árum.

Að öðru leyti voru kynningarmál með svipuðum hætti og fyrri ár. Áskrifendum á póstlista Skaftfells fjölgaði um 100 manns á árinu en tæplega 1000 manns eru nú áskrifendur og FB fylgjendur eru komnir upp í 5.000 einstaklinga. Instagram og Twitter reikningar Skaftfells eru ágætlega virkir og fylgjendum fjölgar jafnt og þétt. Wikipedia síða Skaftfells var endurskrifuð og eftir stendur að þýða yfir á ensku, <https://is.wikipedia.org/wiki/Skaftfell>. Skaftfell hélt áfram markaðsamstarfi við nokkra ólíka aðila: Visit Seyðisfjörður, East.is, Safnabókina, Icelandic Contemporary Art, Around Iceland, Handpicked Iceland og Grapevine.

Innlent samstarf

Töluvert var um faglegt innlent samstarf á árinu, sérstaklega innan sýningar- og fræðsludeildarinnar. Forstöðukona er fulltrúi faggeirans í ferða- og menningarmálanefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar og stjórn Miðstöð Menningarfræða. Auk þessa flutti hún erindi og tók þátt í panelumræðum á Byggðaráðstefnu sem fór fram um miðjan september í Breiðdalsvík á vegum Byggðastofnunar.

Samband milli hinna þriðja miðstöðva sem starfa í fjórðungnum var ágætlega virkt á árinu. Forstöðukona fór á þrjá samráðsfundi: 25. janúar, 9. júní og 13. október. Forstöðukona er í reglulegu og góðu sambandi við forstöðumann Menningarmiðstöðvar Fljótdalshéraðs, en lítil samskipti eru við Tónlistarmiðstöðina á Eskifirði. Skaftfell og MMF hafa í árabil starfað saman af sýningu á úrvali kvikmynda frá RIFF og hélt það samstarf áfram á árinu. Einnig fundaði fræðslufulltrúi SKA við nýja fræðslufulltrúa MMF og mikill vilji er fyrir samstarfi á sviði fræðslu.

Fræðslufulltrúi vann náið með Seyðisfjarðarskóla að ýmsum verkefnum, var í miklu samtalið við Austfirsku grunnskóla þegar fræðsluverkefnið ferðaðist á milli og tók þátt í verkefninu Efling list- og verkgreinakenlu á Austurlandi, stýrt af Austurbrú.

Geirahús

Geirahús var opið almenningi yfir sumarmánuðina. Gert var samkomulag við nýstofnað fyrirtæki, Seyðisfjörður Tours, og skoðunarferð um Geirahús var hluti af gönguferð á vegum þeirra. Einnig var mögulegt að fá leiðsögn og skoða Geirahús á opnunartíma sýningarsalar Skaftfells. Alls heimsóttu um 25 manns Geirahús sumarið 2016. Ekki náðist að fá smíð til að endurgera glugga í Geirahús og þar af leiðandi var ekki hægt að ráðstafa styrk frá fyrra ári frá Húsafriðunarsjóði. Forstöðukona tilkynnti sjóðinum um stöðu

verkefnisins og sótti aftur um styrk fyrri sömu framkvæmd í lok árs.

Afmælisundirbúningur

Með haustinu hófst afmælisundirbúningur Skaftfells, sem verður 20 ára árið 2018. Í samtali við fagrád voru nokkrar hugmyndir voru reifaðar. Ein hugmynd er frá Gavin Morrison um að Skaftfell framleiði hágæða prentmöppu með völdum verkum eftir listamenn sem tengjast stofnuninni. Mappan yrði svo seld í fjárölfunarskyni. Önnur er að skjalfesta 20 ára sýningar- og menningarsögu Skaftfells með því að gefa út afmælisrit í samstarfi við Miðstöð menningarfræða og sú þriðja er að fagna afmælisáfanganum með veglegri sumarsýningu í nánu samstarfi við Tækniminjasafnið og auglýsa eftir tillögum.

Sýningarhald og viðburðir

Á árinu voru settar upp fjórar myndlistasýningar í sýningarsalnum og ein verkefnakynning. Enn fremur var haldið málþing með fjölda erlendra gesta. Dagskráin var sett saman og sýningarstýrð af listrænum heiðursstjórnanda Skaftfells, Gavin Morrison ásamt forstöðukonu.

Sýningarsalur Skaftfells var opin yfir vetrartímann kl. 15:00 - 21:00 en sumartímann frá kl. 12:00 -18:00 og miðvikudaga til kl. 20:00. Frá 24. sept – 4. nóv var opnunartími takmarkaður, þri - fös frá kl. 13:00 - 16:00, vegna viðhalds í Bistró Skaftfells.

Í fyrsta skipti í sögu Skaftfells var hægt að handtelja fjölda gesta í sýningarsal yfir allan sumarímann, frá byrjun júní til 19. sept. Alls komu 4940 einstaklingar að skoða sumarsýninguna. Til viðmiðunar var gestafjöldi svipaður í Tækniminjasafninu. Gestafjöldi á viðburði rokkar frá 30-50 manns.

Sýningardagskrá í sýningarsal og stærri viðburðir



NO SOLO

5. mars - 8. maí

Sýning með nemendum Listaháskóla Íslands: Árni Jónsson, Berglind Erna Tryggvadóttir, Daníel Perez Eðvarðsson, Fritz Hendrik Berndsen, Harpa Finnsdóttir, Indriði Arnar Ingólfsson, Katrín Helena Jónsdóttir, Kristín Helga Ríkharðsdóttir, Lísbet Guðný Þórarinsdóttir, Melanie Ubaldo, Salvör Sólnes, Snædís Malmquist.

Sýningarstjóri: Björn Roth og Kristján Steingrímur. Haldið í samvinnu við Dieter Roth Akademiuna, Listaháskóla Íslands og Tækniminjasafn Austurlands. Styrkt af Sóknaráætlun Austurlands og Gullberg ehf.

Frontiers of Solitude - verkefnakynning

14. – 29. maí

Verk til sýnis eftir Finn Arnar Arnarson, Karlottu Blöndal, Peter Cusack (UK/CZ), Þórunni Eymundardóttur, Iselin Linstad Hauge (NO), Monika Fryčová (CZ/IS), Elvar Már Kjartansson, Alena Kotzmannová (CZ), Pavel Mrkus (CZ), Greg Pope (UK/NO), Ivar Smedstad (NO), Diana Winklerová (CZ) og Martin Zet (CZ).

Umsjón Julia Martin. Kynningin var hluti af tékkneska - norska - íslenska samstarfsverkefninu Frontiers of Solitude og styrkt af Uppbyggingarsjóði EES frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi fyrir menningararf og samtímalistir.

Verkfæri til sjálfsbjargar á hjara veraldar

20. – 22. maí

Með stærri verkefnum á árinu var málþingið [Verkfæri til sjálfsbjargar á hjara veraldar](#) sem var haldið í tengslum við Evrópuverkefni [Frontiers in Retreat](#). Málþingið fór fram í Herðubreið og fjallaði um tengsl myndlistar og vistfræði. Fyrirlesarar komu víða að: Caitlin Wilson frá Landvernd, Erla Dóra Vogler frá Djúpvogshreppi, Guðfinnur Jakobsson frá Skaftholti, Hjalti Jóhannesson frá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Jonatan Spejlborg og Lasse Hogenhof (DK) frá Lunga skólanum, Kati Gausmann (DE) myndlistarmaður, Martin Gasser (CH) frá Breiðdalssetri, Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður, Ráðhildur Ingadóttir myndlistarmaður, Rán Þórarinsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands og Richard Skelton (UK) myndlistarmaður.

Styrkt af Myndlistarsjóði, Sóknaráætlun Austurlands, Seyðisfjarðarkaupstað, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar stofnanda Hagkaups og Menningaráætlun ESB.



Samkoma handan Norðanvindsins

Sumarsýning, 4. júní -18. sept.


Ásta Fanney Sigurðardóttir, dj. flugvél og geimskip, Frásagnasafnið 2011-2012, Helgi Örn Pétursson, Jesper Fabricius (DK), Luke Fowler (UK), Magnús Pálsson, Nora Joung (NO), Ragnar Kjartansson, Styrmir Örn Guðmundsson. Umsjón Gavin Morrison og Tinna Guðmundsdóttir.

Viðburðir í tengslum við sumarsýningu:

- Hin leynda hula – fyrirlestur: Ásta Fanney Sigurðardóttir, gjörningur 13. júlí í sýningarsalnum.
- Spring's Call of Nature: Styrmir Örn Guðmundsson, gjörningur 14. júlí í Tvísöng. Í samstarfi við LungA.
- Ymur þula: Ásta Fanney Sigurðardóttir, gjörningur 14. júlí í Tvísöng. Í samstarfi við LungA.
- Ævintýri: Magnús Pálsson, hljóðskúlptúr 31. júlí í Norðursíld.
- Depositions og gjörningur: Luke Fowler (UK) og Nora Joung (NO), 19. sept í Herðubreið.

Samstarfsaðilar: i8 gallerí og The Modern Institute.

Sýningin var styrkt af Myndlistarsjóði og Sóknaráætlun Austurlands.



Ófrumlegt

Haustsýning, 24. sept - 20. nóv.

Sýning um afritun, fjölrítun og ritstuld.

Alberto Lamback, Atopia Projects, Elsa-Louise Manceaux, Enzo Mari, Gary Rough, Hanna Christel, Jasper Morrison, Jón Óskar, Jon Routson, Jonathan Meades, Kenneth Goldsmith,

Kenny Hunter, Linus Lohmann, Litten Nystrøm, Pétur Kristjánsson, Rúnar Loftur, Stefán Jónsson Stórval, Sturtevant, Suicide Girls, Terri Thornton, Unnar Örn & Huginn Þór Arason og nemendur LungA skólans. Umsjón Gavin Morrison og Tinna Guðmundsdóttir. Unnið í samstarfi við LungA skólann og styrkt af Sóknaráætlun Austurlands.



Mynd af þér

Vetrarsýning, 26. nóv. 2016 – 8. jan 2017.

Einkasýning Sigurðar Atla Sigurðssonar í umsjón Gavin Morrison og Tinnu Guðmundsdóttur. Sýningin var styrkt af Myndlistarsjóði og Sóknaráætlun Austurlands.

Bókabúðin-verkefnarými og minni viðburðir

Litróf: skínandi og endurspeglandi.

Lola Bezemer (DE)

Sýning, 6. jan í Bókabúðinni.

Listamannaspjall #25: Nora Mertes (DE),

Rashanna Rashied-Walker (USA)

og Ingirafn Steinarsson

19. janúar í Skaftfelli

Suspending plains: Nora Mertes (DE)

Sýning 21. janúar í Bókabúðinni. Í samstarfi við Goethe-Institut Dänemark.

RIFF – kvikmyndahátíð á Austurlandi

Íslenskar stuttmyndir, 28. jan í Bistróinu.

Í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs.

Lifeforce, A Soliloquy and 6 Poems: Rashanna

Rashied-Walker (USA)

Sýning 10. mars í Bókabúðinni.

Interzone: Valerie Bourquin (FR)

Sýning 17. mars í Bókabúðinni.

Ljósamálverk: Nemendur í Seyðisfjarðarskóla

Sýning 19. feb í Bókabúðinni og hluti af listahátíðinni List í ljósi.

Listamannaspjall #26: Faith La Rocque, Leander

Djønne, Valérie Bourquin

31. mars í Herðubreið.

Í vinnslu: Kati Gaumann (DE), Ráðhildur Ingadóttir og Richard Skelton (UK)

Sýning, 26. júní í Bókabúðinni.

Hluti af Frontiers in Retreat.

Príhjöfði: Aron Kale, Daníel Björnsson og Odee

Sýning 11. – 17. júlí í Herðubreið.

Hluti af List án landamæra og í samstarfi við LungA hátíðina.

Visible side when installed: Vasco Costa (PT) &

Wolfgang Obermair (AT/DE)

Sýning og gjörningur 21. júlí í Bókabúðinni. Í samstarfi við Bláu verksmiðjuna.

Litlir heimar: Jessica Auer (CA)

Listamannaspjall og opnar umræður um ferðamannaiðnaðinn 9. ágúst í Herðubreið.

Skuggaverk: London Fieldworks (UK)

Sýning og listamannaspjall 25. ágúst í Bókabúðinni.

Gursus: Sven Midgren & Ida Karlsson (SE) Tónleikar

3. sept í Tvísöng.

Rússnesk kvikmynd.

Kvikmyndasýning 9. sept í Herðubreið. Í samstarfi við Rússneska sendiráðið.

Never mine: Mirian Jonas (DE).

Sýning 16. sept í Bókabúðinni.

Í samstarfi við Goethe-Institut Dänemark.

Tómtómrum: Hector Rey (ES).

Hljóðsmíðja 20. sept í Bókabúðinni.

One is On: Unnur Andrea Einarsdóttir.

Sýning 29. sept – 1. okt í Bókabúðinni.

Opnar vinnustofur: Morgan Kinne (USA), Ann Carolin Renninger (DE), Hermione Spriggs (UK) / Curtis Tamm (USA).

Í tilefni af [Degi myndlistar](#) 26. okt. í Bókabúðinni.
Riff úrval á Seyðisfirði.

Kvikmyndasýning í Herðubreið, 3. nóv. í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs.

Dagar myrkurs, nemendur leiksskóladeildar Seyðisfjarðarskóla.

Sýning í Bókabúðinni 5. nóv í tengslum við þema List án landamæra; list fyrir skynfærin.

Laugardagskvöld með Tromsø Dolls Arkestra (NO).

Gjörningur, 12. nóv í Bókabúðinni.

Fræðslustarfsemi



Þróunarstarf – verkefni í vinnslu

Fræðslustarfsemi Skaftfells dafnar og verkefni yfirgrípsmeiri með hverju árinu. Frá því síðasta vori hefur fræðslufulltrúi verið í samstarfi með Láru Vilbergsdóttur hjá Austurbrú við vinnslu verkefnisins [Efling listgreina á Austurlandi í grunn- og framhaldsskólum](#). Þann 5. nóvember var haldin vinnustofa sem fjallar um framtíðar þróun listgreinakennslu á Austurlandi, aukna tengslamyndun milli list- og verkgreinakennara, endurmenntunar- og samstarfsmöguleika. Verið er að vinna úr niðurstöðum og þeim hugmyndum sem kviknuðu.

Fræðsludeild Skaftfells hefur áhuga á að koma að þróa endurmenntun listgreinakennara og hefur þreifað fyrir sér í þeim efnum og skoðað þá möguleika að halda utan um og skipuleggja slík námskeið. Fræðslufulltrúi er í sambandi við formann Félag íslenskra myndmenntakennara, Maríellu Thayer, og verið er að ræða um möguleika á að halda samnorrænt námskeið fyrir myndmenntakennara sumarið 2017.

Samstarf við skólastofnanir á Austurlandi

Samstarf við Austfirsku grunnskóla hefur verið blómlegt síðustu ár í gegnum fræðsluverkefni Skaftfells. Á árinu var áttunda verkefni þróað og skipulagt, í samstarfi við Ragnheiði Másól Sturludóttur. Verkefnið hér [Munnleg geymd og korlagning minninga](#) og er unnið í tengslum við listrænt inntak sumarsýningu Skaftfells. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands, Sprotasjóði og er unnið í samstarfi við List fyrir alla. Framkvæmd verkefnis hófst 10. október og lauk 27. október, á því tímabili tóku 159 nemendur þátt í verkefninu. Að þessu sinni voru skólar á Þórshöfn, Bakkafirði og Höfn einnig með. Verkefnið endaði á útgáfu heimasíðu sem inniheldur bæði frásagnir þátttakenda og kortin sem þau unnu upp úr frásögnunum, sjá: <http://skaftfell.wixsite.com/minningar>

Tvisvar sinnum hefur Skaftfell náð að bjóða nemendum á listnámsbraut í Menntaskólanum á EGS upp á myndlistarfræðslu í formi listamannspjalls. Það tókst í þriðja sinn þann 19. apríl þegar gestalistamennirnir Faith Laroque (CA) og Leander Djønne (NO) sóttu skólann heim. Auk þess komu

nemendur í leiðsögn 10. maí um sýninguna No Solo í Skaftfell. Allir nemendur Seyðisfjarðarskóla fengu á haustmánuðum leiðsögn um sýninguna Ófrumlegt.



List án landamæra

Skaftfell var beðið um að koma með tillögu að þema fyrir List án landamæra á Austurlandi 2016 og fyrir valinu varð þemað “List fyrir skynfærin”. Skaftfell tók þátt í hátíðinni í ár með því að setja upp farandsýninguna **Þrihöfði** í Herðubreið sem var afrakstur af samvinnu þriggja austfirskra listamanna: Arons Kale, Daníels Björnssonar og Odees. Sýningin var haldin í tengslum við LungA hátíð aðra vikuna í júlí.

Námskeið fyrir nemendur á lýð- og háskólastigi

Hið árlega námskeið, **Vinnustofan Seyðisfjörður**, fyrir nemendur úr Listaháskóla Íslands, í samstarfi við Dieter Roth Akadémíuna og Tæknimínjasafnið fór fram í lok febrúar 2016. Alls komu 12 nemendur sem dvöldu á Seyðisfirði í tvær vikur. Námskeiðið var leitt sem fyrr af Birni Roth og Kristjáni Steingrími og lauk með opnun sýningarinnar No Solo, í sýningarsal Skaftfells 5. mars.

Í fyrsta skipti skipulagði Skaftfell námskeið fyrir nemendur LungA skólans. Í aðdraganda sýningarinnar **Ófrumlegt**, sem opnaði 24. sept, fór fram vinnustofa undir leiðsögn Gavin Morrison. Með samtali, áhorfi mynda og út frá hagnýtum verkefnum mótaði hópurinn og setti saman sýninguna. Í kjölfarið fengu nemendur tækifæri til að gera verk í tengslum við þema sýningarinnar og urðu hluti af sýningunni.

Námskeið fyrir börn og fullorðna



Um vorið var boðið upp á **leirnámskeið** fyrir börn á aldrinum 6-10 ára. Námskeiðið fór fram tvisvar í viku, 3. maí – 3. júní, og leiðbeinandi var Þórunn Eymundardóttir. Alls voru átt börn skráð og foreldrum boðið

í heimsókn síðasta daginn. Námskeiðsgjöld voru 18.500 kr. sem rétt dugði fyrir efniskostnaði og launum leiðbeinanda.

Samhliða voru auglýst [teikninámskeið](#) fyrir 11-15 ára og [ljósmyndanámskeið](#) fyrir fullorðna en ekki náðist full skráning svo þau féllu niður.

Skaftfell skipulagði [sumarnámskeið](#) fyrir börn á aldrinum 6-10 ára, í samstarfi við Seyðisfjarðarkaupstað. Námskeiðið átti sér stað 11. – 15. júlí og leiðbeinandi var Linda Loeskow. Alls voru skráð 10 börn. Námskeiðið fór að mestu leyti fram utandyra en einnig að Öldugötu 14.

Um haustið hélt gestalistamaðurinn Héctor Rey frá Baskalandi [hljóðsmiðju](#) sem var opin öllum þeim að kostnaðarlausu. Einnig bauð Morgan Kinne upp á [örlistanámskeið](#) fyrir börn á aldrinum 6-10 ára í vetrarfríinu.

Gestavinnustofur



Umgjörð og fjöldi listamanna

Á árinu 2016 rak Skaftfell þrjár gestavinnustofur samtímis: Norðurgata, Hóll, Brekka og Nielsenhús voru leigðar út í mánuð eða lengra. Íbúðin á 3. hæð Skaftfells var notuð fyrir skammtímadvöl, að hámarki 2 vikur, og þjónaði sem vinnuástaða fyrir starfsmenn þar til í byrjun nóvember þegar skrifstofan var flutt.

Á árinu dvöldu 28 listamenn í gestavinnustofum Skaftfells: Lola Bezemer (NL), [Rashanna Rashied-Walker](#) (USA), [Valerie Bourquin](#) (FR), [Jens Knigge](#) (DE), Faith LaRocque (CA), [Leander Djønne](#) (NO), Kati Gausmann (DE), Richard Skelton (UK), Alexandra Ross (UK), Ráðhildur Ingadóttir, Ósk Vilhjálmisdóttir, Jessica Auer (CA), Miriam Jonas (DE), London Fieldworks (UK), Andrea Rauschenbusch (DE), Unnur Andrea Einarsdóttir, Héctor Rey (ES), Nathaniel Marchand (CA), Morgan Kinne (USA), Ann Carolin Renninger (DE), Hermione Spriggs (US), Curtis Tamm (US), Björn Kuhn (DE), Anna Romaneko (DE), Henrik Sørliid (NO), André Enger Aas (NO), Elizabeth Milton (UK) og Vaness Kwan (CA).

Erlendir styrkir

Skaftfell var þátttakandi í alls fimm erlendum samstarfsverkefnum á árinu 2016 og þrjú listamenn dvöldu í tengslum við þau. Nánar er fjallað um þessi verkefni undir erlent samstarf.

Skaftfell hlaut styrk frá **Norrænu Menningargáttinni**, sjötta árið í röð, til þess að bjóða tveimur norrænum eða baltneskum listamönnum styrk til dvalarinnar á tímabilinu 2015-2016. Styrkþegi árið 2016 var [Leander Djønne](#) sem dvaldi í mars – apríl árið en Victoria Brannstrom (SE) hlaut styrkinn 2015. **Goethe-institute Dänemark** styrkti einnig einn listamenn til dvalar í tvo mánuði, [Miriam Jonas](#) dvaldi ágúst-september.

Umsóknarferli fyrir 2017



Gestavinnustofur fyrir árið 2017 voru auglýstar í byrjun sumars og umsóknarfrestur rann út 1. sept. Alls bárust 294 umsóknir, þar af 232 fyrir almenna dvöl og 62 um dvöl með styrk frá Goethe-institute Dänemark. Aldrei áður hafa borist jafn margar umsóknir og er 15% aukning milli ára. Í valnefnd sátu fulltrúar fagráðs, Bjarki Bragason og Karlotta Blöndal, og tók ferlið fjóra vinnudaga.

Prentnámskeið fyrir listamenn

Fræðslufulltrúi og gestavinnustofufulltrúi þróðu í sameiningu alþjóðlegt tveggja vikna prentnámskeið fyrir listamenn, [Printing matter](#). Námskeiðið var auglýst samhliða umsóknum fyrir gestavinnustofudvöl 2017 og alls bárust 30 umsóknir. Námskeiðið var svo haldið á þessu ári, 2. – 15. feb 2017, í samstarfi við Tæknimínjasafnið og leiðbeinandi var fyrrum gestalistamaður Áse Eg Jørgensen. Nánar verður fjallað um það í næstu skýrslu.

Erlent samstarf

Skaftfell var þátttakandi í alls fimm erlendum samstarfsverkefnum á árinu 2016, þar af tveimur sem lauk um vorið og eitt sem hófst um haustið.

Artists as Agents of Institutional Exchange

Artists as Agents of Institutional Exchange er samstarfsverkefni við tranzit.ro/ lasi í Rúmeníu. Verkefnið var fjármagnað með styrk í gegnum Uppbyggingarsjóð EES frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi fyrir menningararf og samtímalistir og Menningarmálaráðuneyti Rúmeníu. Verkefnið bauð upp á tækifæri fyrir einn íslenskan listamann, Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, til að fara í tveggja vikna gestavinnustofudvöl í janúar til lasi. Einnig fór forstöðukona stuttu seinna til lasi og hélt kynningu á Skaftfelli og íslensku samtímalistaumhverfi. Verkefninu lauk formlega um vorið.

Frontiers in Retreat

Frontiers in Retreat mun standa yfir í fimm ár, 2013-2018, er gestavinnustofu og sýningarverkefni á vegum HIAP, Helsinki International Artist Program. Alls eru átta aðilar á bak við verkefnið sem samanstendur af gestavinnustofudvöl, myndlistarrannsóknum og sýningum sem opna samtímis í öllum gestavinnustofunum árið 2017 og útgáfu í kjölfarið. Verkefnið er styrk frá Evrópusambandinu. Um vorið dvöldu þrjú listmenn í tvö mánuði í gegnum verkefnið: Kati Gausmann (DE), Richard Skelton (UK) og Ráðhildur Ingadóttir. Ennfremur skipulagði og hélt Skaftfell málþingið Verkfæri til sjálfsbjargar á hjara veraldar, og haustið fór forstöðukona á málþing í tengslum við verkefnið, til Mustarinda í Finnlandi.

Frontiers of Solitude

Verkefnið Frontiers of Solitude er samstarfsverkefni milli Školská 28 í Tékklandi, Atelier Nord í Noregi og Skaftfells. Það fór fram að mestum hluta á Íslandi árið áður en lokahnykkurinn fór fram 4.- 6. febrúar í Prag þegar opnuð sýning á verkum eftir 19 listamenn og efnt til málþings þar sem rýnt var í og borin saman sjónarhorn og reynsla þátttakenda. Þátttakendur frá Íslandi voru: Finnur Arnar Arnarson, Karlotta Blöndal, Þórunn Eymundardóttir, Monika Fryčova, Elvar Már Kjartansson, Julia Martin og Kristín Rúnarsdóttir. Til að loka verkefninu á Íslandi var haldin stutt verkefnakynning í sýningarsal Skaftfells 14. – 29. maí.

Disipline Today; Climbing Invisible Structures

Sýningarröðin og gestavinnustofuverkefnið Disipline Today; Climbing Invisible Structures er skipulagt af Nida Art Colony of Vilnius Academy of Arts (NAC) í Litháen, í samstarfi við Office for Contemporary Art Norway, Nordic Artists' Centre Dale í Noregi Ars Communis Residency Centre YO-YO í Litháen og Skaftfell. Sýningarstjórar eru Eglè Mikalajūnė og Samir M'kadmi. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá European Economic Area Financial Mechanism 2009-2014 og NAC. Mesta vinna í verkefninu að hálfu Skaftfells fór fram ári áður en því lýkur formlega í febrúar 2017.

Transfer North

Um vorið hófst þátttaka Skaftfells í nýju samstarfsverkefni Transfer North. Það samanstendur af netverki 23 stofnanna víða um norður Evrópu sem hverfist um þekkingarskipti. Verkefnið veitir sýningarstjórum tækifæri til að dvelja hjá samstarfsaðilum og Skaftfell auglýsti eftir umsóknum í gegnum sínar samskiptaleiðir. Verkefnið hófst á málþingi snemma í júní á Svalbarða og Julia Martin, gestavinnustofufultrúi, fór fyrir hönd Skaftfells.





Hugleiðingar forstöðukonu

Um áramótin lauk forstöðukona fimmta árinu sínu hjá Skaftelli. Árin hafa verið misjöfn en hægt og rólega hefur tekist að halda vel utan um öll þau ólíku verkefni sem miðstöðin hefur frumkvæði af. Þetta er eingöngu mögulegt vegna aukins starfsmannafjölda. Í ársbyrjun 2016 var fyrir séð að ekki yrði jafn miklar tekjur til að standa undir rekstrarkostnaði og til að koma til móts við þann vanda voru ekki ráðnir launamenn í störf fræðslu- og gestavinnustofufulltrúa heldur verktakar. Þetta gerði það að verkum að dróg úr krafti ýmissa verkefna og önnur sett í salt til að spara.

Viðhald er stór þáttur sem erfitt er að halda utan um og verður veigameiri með hverju árinu. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að fara í framkvæmdir á suður- og vesturhlið Skaftells og dreina með aðstoð fagmanna, að sama tíma þarf að ganga frá þaki á viðbyggingu, laga glugga á vesturhlið, lagfæra tréverk utandyra á mörgum stöðum og margt fleira. Þetta er kostnaðarsöm en bráðnauðsynleg aðgerð.

Fjárhagsstaða Skaftells komin á mjög kritískan stað eftir launahækkunir á síðasta ári. Ef halda á áfram því mikilvæga listræna starfi sem hér fer fram þarf að auka fjármagn til miðstöðvarinnar og koma því í varanlegan farveg. Mikill tími og orka hefur farið í að slökkva fjárhagslega elda eftir áramót sem dregur töluvert úr þrótti starfsmanna og ekki boðlegar starfsaðstæður.

Fylgiskjöl

1. Vinnuáætlanir
2. Veigamestu verkefni fræðslufulltrúa, 2016
3. Samantekt frá gestavinnustofufulltrúa 2016
4. Starfsstefna 2013-2016
5. Erindisbréf fyrir fagráð